



## Bæjarstjórn Blönduóssbæjar

### FUNDUR – 17. febrúar 2004

Bæjarstjórn Blönduóss kom saman til 39. fundar þriðjudaginn 17. febrúar 2004 kl. 17,00 í félagsheimilinu.

Forseti bæjarstjórnar, Valgarður Hilmarsson setti fundinn og stjórnaði honum.

Mætt eru undirrituð.

Dagskrá:

1. Afhending jafnréttisviðurkenningar Blönduóssbæjar 2003.
2. Fundargerð 74. fundar bæjarráðs frá 11. febrúar.
3. Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 30. janúar.
4. Fundargerð jafnréttisnefndar frá 3. febrúar.
5. Þriggja ára fjárhagsáætlun 2005 – 2007.

Afgreiðslur:

1. Afhending jafnréttisviðurkenningar Blönduóssbæjar 2003.  
Forseti bæjarstjórnar bauð jafnréttisnefnd Blönduóssbæjar velkomna til fundarins svo og hjónin Erlu Björgu Evensen og Guðmund Haraldsson. Jófríður Jónsdóttir formaður jafnréttisnefndar fór nú yfir störf nefndarinnar og afhenti svo kaffihúsinu “Við árbakkann” jafnréttisviðurkenningu Blönduóssbæjar fyrir árið 2003, sem eigendur kaffihússins, þau Erla Björg og Guðmundur tóku við. Jóna Fanney bæjarstjóri las svo bréf frá jafnréttisstofu þar sem jafnréttisnefnd Blönduóssbæjar fékk hrós fyrir störf sín. Að því loknu drukku viðstaddir saman kaffi.
2. Fundargerð 74. fundar bæjarráðs frá 11. febrúar kynnt og tekin til umræðu og afgreiðslu. Vegna 8. liðar b. Skriflegt svar bæjarstjóra. *“Eftir að hafa kynnt mér málið hjá skólastjóra Grunnskólans á Blönduósi er sá hluti fjarfundabúnaðar sem Ágúst Þór segir að “liggi enn ónotaður í kössum” sýningartjald, festing fyrir skjávarpa og hilla. Fjarfundabúnaðurinn hefur hins vegar verið í fullri notkun frá upphafi og hefur á engan hátt hamlað kennslu fjarnema. Þegar var búið að óska eftir rafvirkja til að koma þessum fylgibúnaði fjarfundabúnaðarins til notkunar því töluverð lagnavinna fylgir henni. Undirrituð tekur ekki undir þau orð Ágústars Þórs að ætla mætti að starfsmenn sveitarfélagsins í þessu tilviki skólastjóri grunnskólans, vinni eftir hentistefnu og hunsu ákvarðanir bæjarstjórnar. Misliki Ágústi í framtíðinni vinnubrögð starfsmanna sveitarfélagsins er þess óskað að hann beini þeim ummælum beint til undirritaðrar. Í reynd heyrir það ekki undir skólastjóra að hafa umsjón með fjarnámi og búnaði honum tengdum, en málin þróast þannig að starfsmenn grunnskólans hafa tekið þetta verkefni að sér án þess að fá fyrir það greitt sérstaklega. Það ber að virða”.* Undir bókunina ritar Jóna Fanney Friðriksdóttir bæjarstjóri.

Ágúst Þór óskaði eftir svohljóðandi bókun. *“Það er ljóst að Jóna Fanney bæjarstjóri, kýs í svari sínu að svara ekki þeirri fyrirspurn sem undirritaður lagði fram á fundi bæjarráðs um það hvers vegna ákvarðanir*

*bæjarstjórnar komast ekki til framkvæmda, heldur að ræða í smáatriðum um aukaatriði málsins og leita sökudólga. Það skín í gegnum þetta svar að það sé óljóst hver beri ábyrgð á framkvæmdinni og hvers sé að koma að verkefninu. Það kann að hljóma illa fyrir Jónu Fanneyju bæjarstjóra og starfsmenn að bent sé á sannleikann í málinu. Það er ekki gert til að koma höggi á þá, heldur að einstök verkefni og framgangur þeirra sé eðlilegur". Að umræðum loknum bar forseti fundargerðina upp, hún var samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.*

3. Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 30. janúar kynnt. Fundargerðin borin upp og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.
4. Fundargerð jafnréttisnefndar frá 3. febrúar kynnt og tekin til afgreiðslu. Hún var borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.
5. Þriggja ára fjárhagsáætlun 2005 –2007 – fyrri umræða.  
Bæjarstjóri fylgdi áætluninni úr hlaði og fór yfir greinargerð sem með fylgir. Umræða varð um áætlunina, að henni lokinni var áætluninni vísað til annarar og síðari umræðu.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18,50.

Jóna Fanney Friðriksdóttir  
Jóhanna G. Jónasdóttir  
Hjördís Blöndal  
Þórdís Hjálmarsdóttir  
Auðunn Sigurðsson

Ragnar Ingi Tómasson  
Valgarður Hilmarsson  
Ágúst Þór Bragason  
Valdimar Guðmannsson